

Frjálssar æfingar samþykktar af faghópi

Vægi æfinganna gildir keppnisárið 2023 og er endurskoðað árlega.

Ekki þarf að sækja sérstaklega um samþykktar æfingar.

Æfing 1

Lokaður á $\frac{1}{2}$ baug, hraðabreyting á skálínu, lokaður á $\frac{1}{2}$ baug, hraðabreyting á skálínu með greinilegri upphröðun og niðurhægingu (sbr hraðabreytingar í T1), lokaður $\frac{1}{4}$ baugur. Stærð baugs er ca. 10-12 metrar og lengd hraðabreytingar ca. 40 metrar, eftir stærð vallarins. Baugarnir eru vel fyrir innan skammhlið svo ekki sé um stuðning að ræða.

Vægi æfingar er 1,20.

Vægi æfingar með minni hraðaukningum 1,15

Knapi tilgreinir hvora útfærsluna notast sé við.

Rök/gildi æfingarinnar:

Lokaður á baug er safnandi, sýnir stjórn á hliðum og burð og undirbýr hraðaukningu.

Hraðaukningin er sönnun þess að hesturinn hugsar fram og að æfingin hefur góð áhrif. Lokaður á hina höndina hjálpar hestinum að safna sér og halda hvelfingu, sýnir hliðarstjórn, þjálni og burð.



Æfing 2

Skeið með aðra höndina á taum á báðar hendur

Lýsing

Öll æfingin er riðin með aðra hönd á taum, endurtekið á báðar hendur. Komið á stökki frá miðri skammhlið, lagt á skeið þegar hesturinn er orðinn beinn (eins og venjulega), hægt á tölt eða fet í lok langhliðar og inn á skammhlið.

Innri hönd skal vera laus hönd, þ.e. aðeins ytri hönd á taumi.

Æfingin er öll útfærsla skeiðs, frá því að sett er á stökk, niðurtaka, niðurbæging.

Ef knapi er þegar á stökki í aðdraganda æfingar (stökk á hringnum fyrir skeiðsýningu sem dæmi, er æfingin frá miðju skammhliðar að miðri skammhlið).

Vægi æfingar er 1,2.

Rök/gildi æfingarinnar:

Að ríða með aðra hönd á taum sýnir öryggi, þjálfni og leikni, að hesturinn er auðveldur og sjálfberandi og fús til að gera verkefnið.

Að ríða æfinguna á báðar hendur sýnir enn frekar gæði hestsins og þjálfun hans, að hliðarstjórnun er til staðar á báðar hendur. Að hesturinn geti skeiðað frá stökki upp á báðar hendur sannar að hann er jafn á hliðar og samspora.

Æfing 3

Slöngulínur í lokuðum sniðgang.

Lýsing

Fjórir til sex 3/4 15m hringir án beinna kafla, riðið í lokuðum sniðgang á vinnuhraða. (Lýsing á slöngulínunum sótt úr skilgreiningum Gæðingafimi LH).

Vægi æfingar er 1,2.

Rök/gildi æfingarinnar:

Æfingin sýnir sveigjanleika, hliðarstjórnun, burð og þjálfni hestsins.

Teikning til útskýringar.



Æfing 4

Halfpassflétta á tölti 2x2 milli fjórðungslínu og miðlínu

Vægi: 1,15

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Lýsing:

Lokaður sniðgangur á skálínu (halfpass) til hægri og vinstri sitt á hvað á milli fjórðungslínu og miðlínu vallar, tvisvar til hægri og tvisvar til vinstri.

Rök:

Samanlögð vegalengd í lokuðum sniðgangi á skálínu (halfpass) er sú sama og farið er fram á í hefðbundinni útfærslu æfingarinnar.

Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 5

Halfpass/passage flétta 2x2 á milli fjórðungslínu og miðlínu

Vægi: 1,35

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Útfærsla:

Æfingin riðin í passage allan tímann. Lokaður sniðgangur á skálínu (passage) til hægri og vinstri sitt á hvað á milli fjórðungslínu og miðlínu vallar, tvisvar til hægri og tvisvar til vinstri.

Rök:

Passage er þegar með hæsta vægi æfinga í Gæðingalist. Til hækkunar kemur fléttan til hægri og vinstri.

Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 6

Halfpass passage

Lýsing:

Lokaður sniðgangur á skálínu (passage) til hægri og vinstri frá innri sporaslóð vallarins, inn að miðlínu og frá miðlínu að innri sporaslóð. Æfing riðin í passage.

Vægi: 1,3

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggja fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 7

Hraðabreytingar á brokki upp við vegg upp á báðar hendur.

Vægi 1,05

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Hraðabreytingar á brokki eða stökki sýndar á báðar hendur við vegg fá vægi 1,05. Hraðabreytingar á tölti á báðar hendur með hærra vægi (1,1) voru settar inn til þess að hvetja til fjölbreyttari og meiri töltsýninga í Gæðingalist.

Æfing 8

Lokaður sniðgangur á tölti í áttu. Skipt um átt þegar skipt er á hringjum. Lokaður sniðgangur hefst þegar riðið er inn á bauginn og báðum baugum er lokað alveg í lokuðum sniðgangi.

Vægi: 1,2

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Æfingin er lokaður sniðgangur á baug (vægi 1,15) + átta.

Æfing 9

Skeið sýnt á skálínu

Lýsing:

Skeið á skálínu sýnt einu sinni. Æfingin hefst á miðri skammhlið, riðið upp í stökk.

Knapi ríður út úr beygju og inn á skálínu, leggur á skeið, niðurhæging eftir skálínu. Æfingu lýkur á miðri skammhlið.

Vægi: 1,1

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Skeið sem æfing einungis upp á aðra höndina (vægi 1,05) Reiðleið og útfærsla skv. Lýsingu gildir til hækkunar vægis upp í 1,1.